FJÖLMENNT
SÍMENNTUNAR- OG ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu
Keezy

Unnið af Helle Kristensen

# Keezy



1.a.
**Að spila tilbúið efni:**
Á bak við hvern lit er hljóð/stef.
Snertu litinn einu sinni til þess að spila hljóðið einu sinni.
Snertu litinn ítrekað til þess að láta hann byrja aftur og aftur.
Haltu puttanum á litnum til þess að láta hljóðið spilast með öðrum hljóðum.



2.a.
**Að kalla fram valmynd:**

Haltu puttanum á svarta hringnum í miðjunni í 1-2 sekúndur.



3.a.

**Að velja tilbúið efni:**

Kallaðu fram valmyndina (sjá 2.a., bls. 2) og veldu gula hringinn.




3.b.

Veldu efni af listanum með því að snerta nafnið.



4.a.
**Að taka upp eigið efni:**

Kallaðu fram valmyndina (sjá 2.a., bls. 2) og veldu græna hringinn.




4.b.

Snertu hljóðnema einu sinni til þess að hefja upptöku.



4.c.

Snertu hljóðnemann aftur til þess að ljúka upptöku.

(Ath. Einnig er hægt að styðja putta á hljóðnema á meðan tekið er upp).



5.a.
**Að eyða einstökum hljóðum/stefjum:**

Kallaðu fram valmyndina (sjá 2.a., bls. 2) og veldu rauða hringinn.




5.b.

Snertu X-ið á þeim hljóðum/ stefjum sem þú vilt eyða.



5.c.

Snertu græna V-merkið til þess að halda áfram að taka upp.



6.a.

**Að gefa tilbúnu efni nafn:**

Kallaðu fram listann með tilbúnu efni (sjá 3.a., bls. 3) og snertu hringinn hægra megin við efnið sem þú vilt nefna.




6.b.

Snertu textareitinn í miðjunni.




6.c.

Skrifaðu nafn á lyklaborðið og snertu síðan græna V-merkið.



7.a.




**Að eyða tilbúnu efni:**

Kallaðu fram listann með tilbúnu efni (sjá 3.a., bls. 3) og sveipaðu til vinstri á því efni sem þú vilt eyða.

7.b.




Snertu rauða X-ið til hægri.

7.c.




Snertu X-ið efst til hægri þegar þú ert búin(n) að eyða.

8.a.

**Að taka upp flutning á tilbúnu efni:**

Kallaðu fram valmyndina (sjá 2.a., bls. 2) og veldu appelsínugula hringinn.




8.b.

Upptakan hefst um leið og þú byrjar að flytja með því að snerta litina (sjá 1.a., bls. 2).

Snertu táknið í miðjunni til þess að ljúka upptöku.



8.c.

Hlustaðu á flutninginn með því að snerta play-takkann sem birtist.



9.a.

**Að vista upptöku á flutningi:**

Snertu deili-táknið sem birtist neðst á skjánum þegar þú ert búin(n) að taka upp flutning (sjá 8, bls. 8).




9.b.

Veldu „Save to Files“ í glugganum sem opnist.




9.c.

Veldu „On my iPad“ efst á listanum.



9.d.

*Ef það er ekki nú þegar til mappa fyrir Keezy:*

Snertu möppuna efst til hægri.




9.e.

Gefðu möppunni nafn (Keezy) með því að skrifa á lyklaborðið og snerta síðan „Save“ efst til hægri.




9.f.

Veldu síðan möppuna á listanum og snertu „Save“ efst til hægri.



10.a.

**Að deila upptöku á flutningi:**




Snertu deili-táknið sem birtist þegar þú ert búin(n) að taka upp flutning (sjá 8, bls. 8).

10.b.




Veldu þá leið sem hentar til að deila:

- Veldu Airdrop ef tæki viðtakanda er með Keezy og á sama WiFi-neti.
- Veldu Mail ef viðtakandi á ekki snjalltæki og á að geta hlustað á upptökuna í tölvu.

11.a.

**Að eyða upptöku á flutningi:**

*Ef þú vilt hvorki vista né deila upptöku á flutningi:*

Snertu X-ið efst til hægri.




11.b.

Snertu græna V-ið til að staðfesta að þú viljir eyða upptökunni.



12.a.

**Að hlusta á upptöku á flutningi sem hefur verið vistuð:**

Opnaðu smáforritið Files og snertu „On my iPad“ efst á listanum til vinstri.
Snertu síðan möppuna „Keezy“.




12.b.

Snertu upptökuna sem þú vilt hlusta á.




12.c.

Snertu play-takkann til að hlusta.

Snertu deili-táknið efst til hægri til að deila (sjá 10.b., bls. 11).

